



## 45. þing ASÍ

### Áherslur ASÍ 2023 – 2024

#### Menntamál - Drög

#### Áherslur ASÍ

- Tryggja aðgengi allra að námsráðgjöf og námi við hæfi, óháð aldri, búsetu og efnahag.
- Kortleggja menntakerfið<sup>1</sup> í heild m.t.t. námsframboðs, markhópa og fjármögnunar.
- Viðurkenna með formlegum hætti færni og menntun erlendis frá.
- Efla starfsmenntun á öllum skólastigum og tryggja að nemendur verk- og iðngreina geti lokið námi án þess að þurfa að taka á því hlé. Þá er einnig mikilvægt að tryggja möguleikann á áframhaldandi námi komi til hlés.
- Auka framboð sí- og endurmenntunar með þarfir einstaklinga og framtíðar vinnumarkaðar í huga. Leggja áherslu á þekkingu, færni, og hæfni sem nýtist atvinnulífi og einstaklingum í framtíðinni.
- Tryggja að sí- og endurmenntun styðji við þróun vinnumarkaðarins í átt að sjálfbærara hagkerfi.
- Tryggja að nýsköpun og frumkvöðlahugsun verði meðal markmiða menntakerfisins.
- Tryggja að allir á vinnumarkaði njóti til jafns jákvæðra áhrifa nýrra tæknibreytinga á atvinnulífið.
- Auka aðgengi starfsmenntaðra að háskólum m.a. með formlegu fagháskólastigi.
- Tryggja aðgengi allra að [raunfærnimati](#) á viðeigandi skólastigum og námi/þjálfun í framhaldi með áherslu á raunfærnimat í „hefðbundnum“ kvennastörfum.
- Tryggja jöfn tækifæri fyrir alla og draga úr ójöfnuði og starfsháttum sem ala á mismunun.
- Að full vinna og mannsæmandi störf verði í boði fyrir alla og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.
- Auka fræðslu um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á vinnumarkað, menntun og samfélag.

#### Verkefni ASÍ

- Þátttaka í kortlagningu menntakerfis um framtíðarskipulag heildstæðs menntakerfis sem nær til bæði formlegrar og óformlegrar menntunar.
- Gera nám, sí- og endurmenntun, aðgengilegt öllum, óháð búsetu, með t.d. gagnvirku rafrænu námi.
- Tryggja skal aðgengi að hagkvæmu húsnæði fyrir námsfólk sem hyggur á nám utan heimabyggðar.
- Vinna að því að tryggja að námsframboð endurspegli þarfir einstaklinga og atvinnulífs.

---

<sup>1</sup> Hér er átt við allt menntakerfið, leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla og fullorðinsfræðslukerfið.

- Þrýsta á að stjórnvöld og menntastofnanir komi sérstaklega til móts við þá sem búa fjarri þeim og hafa takmarkað aðgengi að námi í sinni heimabyggð, og horfa sérstaklega til þarfa innflytjenda og annarra viðkvæmra hópa. M.a. með auknum sveigjanleika og fjölbreyttari kennsluháttum (s.s. fjarkennslu).
- Vinna að því að allir hafi aðgengi að úrræði til að bæta og þróa færni til að geta skipt um störf og starfsvettvang.
- Vinna að því að því að menningarlegur margbreytileiki og kynjajafnrétti verði viðurkennt á vinnumarkaði.
- Standa vörð um jafnt aðgengi allra að sí- og endurmenntun.
- Tryggja þarf nægilegt framboð á starfsnámi á framhaldsskólastigi og auka þarf verulega fjármagn til Vinnustaðanámssjóðs til að tryggja betri nýtingu sjóðsins og stöðu þeirra sem eru á námssamningum. Einnig þarf að tryggja fjármögnun á menntun með vinnu, að menntasjóður skerði ekki lán fyrir skjólagjöldum með tekjutengingu.
- Styðja við atvinnulíf sem byggir á heilbrigðum vinnumarkaði, réttlátum umskiptum, sjálfbærni, frumkvæði og nýsköpun.

## Greinargerð

Miklar breytingar hafa og munu verða á vinnumarkaði samfara örri tækniþróun, nýsköpun og áhrifum loftlagsbreytinga. Þessar breytingar fela í sér nýjar samfélagslegar áskoranir og tækifæri fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélagið allt. Það er mikilvægt að menntakerfið endurspegli þessa þróun og tryggi að einstaklingar geti uppfært þekkingu sína og færni eftir þörfum. Eitt helsta verkefni okkar er að tryggja að allir óháð, búsetu og öðrum félagslegum þáttum, hafi jafnan aðgang að menntun. Allir á vinnumarkaði skulu njóta á jafnan hátt góðs af áhrifum nýrrar tækni og geti aðlagast breyttum vinnumarkaði.

Framhaldsfræðslukerfið er auðlind og tækifærin mörg. Kerfið hefur verið farvegur þúsunda einstaklinga í atvinnulífinu aftur inn í skólakerfið í samstarfi við hið opinbera, starfsmennta-sjóði og aðila vinnumarkaðarins. Margir hafa einnig styrkt stöðu sína á vinnumarkaði og sótt vinnustaðanám með raunfærnimati á mótum viðmiðum atvinnulífsins.

Mikið vatn hefur þó runnið til sjávar síðan lög um framhaldsfræðslu voru samþykkt 2010 og síðan þá hefur framhaldsfræðslukerfið þróast á ógnarhraða. Nú er kominn tími á að endurskoða kerfið, fara í stefnumótun og koma á hæfnistefnu. Mikilvægt er að horfa til menntakerfisins í heild og viðurkenna framhaldsfræðsluna sem eina af stoðum þess. Á sama tíma þarf að gæta þess að kerfið haldi sérstöðu sinni, að þjónusta fullorðið fólk með litla formlega menntun. Til þess að ná til sem flestra hópa þarf að leggja áherslu á fjölbreytt form fræðslu, staðnám, fjarnám og gagnvirkt rafrænt nám. Með tilliti til þess er vert að skoða hvernig og hvort sérhæfing símenntunarmiðstöðva út um landið sé það sem koma skal. Einnig þarf að horfa til framboðs náms, sem þarf að vera í samhengi við atvinnulífið á hverjum tíma og fram-tíðarhorfur.

Raunfærnimat er eitt öflugasta tækið sem þróað hefur verið til að meta færni fólks á vinnumarkaði og jafnframt hvetja til frekara náms. Ásamt því að efla raunfærnimat á mörgum sviðum er einnig mikilvægt að tryggja þróun fagháskólastigs sem eykur aðgengi starfsmenntaðra að háskólanámi.